

Dagsetning 7. maí 2008

Iðnaðarnefnd Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um undirbúning að þjónustumiðstöð við olfuleit á Drekasvæði, 329. mál.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif frumvarpsins á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun styður að sveitarfélögin verði aðstoðuð við þá könnun sem tillagan fjallar um. Stofnunin telur að hér geti verið á ferðinni mjög brýnt verkefni sem muni styrkja byggð á þessu svæði sem hefur átt mjög í vök að verjast undanfarna áratugi. Ef olía finnst á svæðinu eru án efa gjörbreyttar aðstæður fyrir búsetu á þessu svæði.

Virðingarfyllt



Guðmundur Guðmundsson  
Sérfræðingur á próunarsviði  
Byggðastofnunar.